

65 fyrirvara, ef um samskonar rafmagnsnotkun er að ræða í hinum nýja notkunar-
13. maí stað, ella skal um flutning gilda sem um uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja væri að ræða.

Notandi ber ábyrgð á raforkunotkun þeirrar veitu, sem hann er skráður fyrir, þar til er hann hættir notkun veitunnar og hefur sagt henni upp með þeim fyrirvara, sem hann hefur samkvæmt reglugerð þessari.

21. gr.

Breyting á gjaldskrá.

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár rafmagnsveitnanna og breytingum þeim, sem stjórn þeirra samþykkir og ráðherra staðfestir.

Verði ágreiningur milli rafmagnsveitustjóra og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir rafmagnsnotkun, getur notandi krafizt þess, að ágreiningurinn verði lagður undir úrskurð raforkumálastjóra.

C. Almenn ákvæði.

22. gr.

Brot á reglugerð.

Brot gegn reglugerð þessar eða gegn reglum, sem settar verða samkvæmt henni, varða sektum allt að 10000 krónum — tíu þúsund krónum —, nema þyngri refsing liggir við samkvæmt lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafmagnsveitnanna skal hinn brotlegi þess utan bæta skaðann.

Sektir renna í ríkissjóð.

23. gr.

Málssókn.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða á reglum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. maí 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Páll Pálmason.

66

29. apríl

REGLUGERÐ

fyrir lendingarbótasvæðið á Sveinseyri við Tálknafjörð.

I. KAFLI

Takmörk lendingarbótasvæðisins.

1. gr.

Lendingarbótasvæði Sveinseyrar nær yfir svæðið milli línu, sem hugsast dregin frá Sveinseyrarodda í Hvammseyri að utan og línu, sem hugsast dregin frá Gileyri í Búðeyri að innan.

II. KAFLI

Um lendingarbótanefnd.

66

29. apríl

2. gr.

Að nýafstöðnum hverjum hreppsnefndarkosningum skal hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps kjósa 3 menn í lendingarbótanefnd og jafnmarga til vara. Kjörtímabil lendingarbótanefndar er hið sama og hreppsnefndar. Þar til nýjar kosningar fara fram, skal þó hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps fara með þau mál, er undir lendingarbótanefnd heyra. Lendingarbótanefnd sér um, að reglugerð þessari sé hlýtt, sér um innheimtu gjalda þeirra, sem ákveðin eru samkvæmt reglugerð þessari, gegn innheimtulaunum eða föstum launum, sem um semur, sér um viðhald og endurbætur lendingarbóta og stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta. Lendingarbótanefnd annast reikningshald og fjárvörzlu lendingarbótasjóðsins fyrir hönd hreppsnefndar, enda ber hreppsnefnd ábyrgð á eignum sjóðsins, sem öðrum eignum hreppsins svo og skuldbindingum sjóðsins.

III. KAFLI

Um almenna reglu.

3. gr.

Lendingarbótanefnd sér um, að gætt sé reglu á lendingarbótasvæðinu og mannvirkjum þess, og er öllum, er hlut eiga að máli, skylt að hlýða boði hennar og banni tafarlaust, en getur síðan, ef þeim finnst sér óréttur ger, skotið máli sínu til lög-
reglustjóra.

4. gr.

Óheimilt er skipum eða bátum að kasta útbyrðis seglfestu, ösku, kolum eða öðru því, sem valdið gæti skemmdum á lendingarbótasvæðinu.

5. gr.

Skyllt er að gæta varúðar um allt það, er slysum getur valdið.

6. gr.

Lendingarbótanefnd, svo og aðrir starfsmenn lendingarbótasvæðisins, skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

IV. KAFLI

Um notkun bryggjunnar.

7. gr.

Heimilt skal bátum eða skipum að leggjast að bryggju í þeirri röð, sem þau koma, en skylt að fara frá bryggju, er þau hafa lokið erindi sínu, séu aðrir, sem óska athafnasvæðis, og eins, ef þau teljast þar til tafar öðrum. Hið sama gildir, hvort sem um er að ræða upp- eða útskipun.

V. KAFLI

Um lendingarbótasjóð.

8. gr.

Til þess að standast kostnað við lendingarbæturnar og e. t. v. síðar við hafnar-
mannvirki og til árlegs reksturskostnaðar, skal stofna lendingarbótasjóð.

Í lendingarbótasjóð renna allar tekjur, sem ákveðnar verða með reglugerð þessari.

66 Við lok hvers rekstursárs skal lendingarbótanefnd semja reksturs- og efna-
29. apríl hagsreikning sjóðsins og ber henni að hafa fullgert reikninginn ekki síðar en í febrúarlok næsta reikningsár.

Reikningarnir skulu endurskoðaðir og úrskurðaðir á sama hátt og hreppsreikningarnir.

Fyrir 1. nóvember ár hvert skal lendingarbótanefnd hafa samið og lagt fyrir hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld lendingarbótasjóðs á komandi ári. Hreppsnefnd skal síðar fullsemja áætlunina og senda hana samgöngumálaráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á gjalda- og tekjuliðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarbótasjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Skipa- og bátagjöld.

Hvert aðkomuskip greiði í hvert skipti, er það fermir eða affermir, kr. 0.30 af hverri nettó-smálest, með þeim undantekningum þó, er hér greinir:

Innlend strandferðaskip skulu aðeins greiða gjald þetta einu sinni á ári og þá í fyrsta sinn, er þau koma inn á höfnina eða á gjalddaga, er um semst.

Algerlega undanþegin þessu gjaldi eru:

Herskip, varðskip, björgunarskip, skip, sem hafa skirteini sem skemmtiskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, einnig skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, sjóskaða eða skemmda á einhvern hátt, nema þau jafnframt fermi eða affermi einhverja vöru. Sama gildir um skip, sem leita hafnarinnar til að setja á land sjúka menn eða látna.

VI. KAFLI

Aflagjald.

11. gr.

Af hverju tonni af slægðum afla greiðist kr. 5.00.

VII. KAFLI

Vörugjaldskrá.

12. gr.

1. flokkur: Ull: 5 aurar af hverju kg.
2. — Kjöt: 4 aurar af hverju kg.
3. — Gærur og garnir: 3 aurar af hverju kg.
4. — Mat- og kornvörur, kaffi, fódurvörur og áburður til ræktunar: 2 aurar af hverju kg.
5. — Stykkjavörur: 1 eyrir af hverju kg upp í 100 kg; síðan ½ eyrir af hverju kg þar fram yfir.
6. — Salt og byggingarvörur, aðrar en um getur í 7. gr.: ½ eyrir af hverju kg.
7. — Timbur, unnið og óunnið: 10 aurar af hverju teningsfeti.
8. — Tómar tunnur: 75 aurar af hverri tunnu.
9. — Hestar, nautgripir: 7 kr. af hverjum grip.
10. — Sauðfé: 50 aurar af kind.

13. gr.

Undanþeginn vörugjaldi er póstflutningur og farangur ferðamanna, allt að 25 kg. Enn fremur vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin nota, sem fluttar eru úr landi.

14. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Skipstjóri eða formaður ber ábyrgð á greiðslu skipa- og bátagjalda, svo og rétt uppgefnu vörumagni, en viðtakandi vöru eða afgreiðslumaður skips eða báts á vörugjöldum. Hefur lendingarbótasjóður haldsrétt á skipi eða bát, þar til gjöld þess eru greidd, nema öðruvísi semjist um, og gildir hið sama um vöru, sé vörugjald ekki greitt. Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins. Ef margs konar vörur eru í sömu sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri vörutegund, sem hæst vörugjald reiknast af. Leiki vafi á, til hvaða flokks skuli telja einhverja vörutegund, gildir þar um úrskurður lendingarbótanefndar, en úrskurði hennar má aftur skjóta til lögreglustjóra.

VIII. KAFLI

Bryggjugjald.

15. gr.

Hvert það skip, sem leggst að bryggju eða að skipi, er liggur við bryggju lendingarbótasjóðs, greiði bryggjugjald, er hér segir:

Öll skip, 15 smálestir (brúttó) eða stærri, greiði 10 aura af hverri nettó-smálest. Minnsta gjald skal þó vera kr. 2.00.

Allir bátar undir 15 smálestum (brúttó) greiði kr. 1.00. Bátar án hreyfils, heimilisfastir á hafnarsvæðinu, sem eru minni en 1 smálest (brúttó), skulu gjaldfrjálsir. Bryggjugjald reiknast fyrir hverjar 24 klst. eða brot úr þeim.

16. gr.

Öll gjöld samkv. reglugerð þessari má taka lögtaki.

IX. KAFLI

Eignatjón og bætur.

17. gr.

Þeir, sem valdir verða að tjóni á bryggjunni og öðrum mannvirkjum eða á áhöldum lendingarbótasjóðs, skulu bótaskyldir. Annað hvort greiði þeir tjónið með upphæð, er um semur við lendingarbótanefnd, eða viðgerðarkostnað, samkv. reikningi.

18. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir tjón, sem tilfært er í næstu grein hér á undan, fer eftir almennum lagafyrirmælum.

19. gr.

Takist ekki samningar um bætur, skulu þær ákveðnar af 3 óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats og skal þá krafa um það borin fram innan mánaðar frá því, er matsgerð lauk. Yfirmat skal fara fram af 5 óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem svarar 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

66

29. apríl

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum frá 20—10 000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í lendingarbótasjóð.

20. gr.

21. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

22. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 29. apríl 1947.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

67

16. maí

REGLUR

um úthlutun styrkja árið 1947 til öryrkja, sem misst hafa 50—75% starfsorku sinnar.

1. gr.

Á árinu 1947 er Tryggingastofnuninni heimilt að verja allt að kr. 400000.00, auk verðlagsuppbótar, til styrktar öryrkjum á örorkubílinu 50—75%, sem sótt hafa um slíkan styrk fyrir 31. marz 1947. Skal úthlutun styrkjanna hagað samkv. eftirfarandi ákvæðum.

2. gr.

Tryggingaráð ákveður, hversu mikill hluti fjárhæðar þeirrar, sem í 1. gr. getur, skuli koma til úthlutunar í hverju tryggingaumdæmi. Skal við þá skiptingu höfð hliðsjón af íbúatölu umdæmanna og verðlagssvæðum og jafnframt tillit tekið til þeirra umsókna úr hverju umdæmi, sem ráðið telur, að sinna beri, sbr. 3. gr.

3. gr.

Til þess að stuðla að samræmi í úthlutun, svo og til hliðsjónar við skiptingu fjáris milli umdæma, gerir Tryggingastofnunin frumdrög að úthlutun fyrir hvert umdæmi um sig, samkvæmt þeim umsóknum, sem til greina koma og nægar upplýsingar fylgja, og ákveður í einu lagi fjárhæð til þess að mæta þeim umsóknum úr umdæminu, sem svo er háttáð, að gefnar upplýsingar nægja ekki til að byggja á þeim ákvörðun um úthlutun, og úthlutar umboðsmaður fjárhæð þessari skv. 4. og 5. gr. Þá ákveður ráðið og, hverjar umsóknanna komi ekki til greina og synjar þeim.

4. gr.

Þegar hlutur hvers umdæmis hefur verið ákveðinn og frumdrög að úthlutun gerð, samkvæmt 3. gr., skal senda umboðsmönnum stofnunarinnar umsóknirnar til úrskurðar og afgreiðslu.

Er umboðsmönnum heimilt að vikja frá úthlutunar frumdrögum aðalskrifstofunnar (sbr. 3. gr.) í einstökum atriðum, þó þannig, að heildarfjárhæðin hækki ekki.